

Íslenskur iðnaður

08. tölublað 17. árg.

Ágúst 2011

Samtök iðnaðarins

SI



Reykjavík Real Food Festival er matar- og uppskeruhátíð, tileinkuð Íslenskum mat og matargerð, sem haldin verður í fyrsta sinn í Reykjavík dagana 14. – 18. september. Markmið hátíðarinnar er að kynna íslenskan mat og matarhefðir á léttan og skemmtilegan hátt fyrir Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Bak-hjarlar hátíðarinnar eru Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Markaðsráð Kinda-kjöts, Iceland Responsible Fisheries, Sölufélag Garðyrkjumanna og Svínaræktarfélag Íslands.

Dagskrá hátíðarinnar samanstendur af skemmtilegum viðburðum fyrir alla fjölskylduna þar sem hægt verður að prufa, smakka og kaupa ýmsar íslenskar matvörur og veitingar beint frá framleiðendum.

Almenningur og erlendir ferðamenn geta tekið virkan þátt í hátíðinni með því að mæta á viðburði, fara á veitingastaði, taka þátt í uppskriftsamkeppnum, sækja námskeið og ýmsa fræðslu um hollar matarvenjur, matargerð, heima-ræktun, endurvinnslu og samfélagslega ábyrgar neysluvenjur svo eitthvað sé nefnt.

Opið viðburðadagatal

Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök geta skráð viðburði í dagatal sem aðgengilegt verður á heimasíðu hátíðarinnar. Viðburðir geta verið af ýmsum toga en sem dæmi mætti nefna opin hús í starfsstöðvum fyrirtækja, matvælakynningar, vörusýningar, fyrirlestra, námskeið eða

hvað annað sem tengist mat og matarmenningu.

Sölu og markaðstorg

Sölu og markaðstorg fyrir matvörur og veitingar verður sett upp í miðborginni þar sem fyrirtæki geta kynnt vörur og þjónustu, spjallað milliliðalaust við neytendur og boðið gestum og gangandi vörur sínar til sölu.

Þátttakendur af öllu landinu

Það skal tekið skýrt fram að öllum fyrirtækjum á landinu, sem vilja kynna framleiðslu sína fyrir höfuðborgarbúum og erlendum gestum, er heimil þátttaka. Einnig er hægt að efna til viðburða í heimabyggð og skrá þá í atburðadagatalið og fá þá auglýsta í kynningarefni matarhátíðarinnar.

Matardagar fagfélaga í matvælagreinum

Í tengslum við matarhátíðina efna fagfélög í matvælagreinum (bakaríð, kjötíð, matreiðslu og framreiðslu) til Matardaga í Hótel- og matvæla-skólanum í Kópavogi. Þar verður sýnt handverk í matvælagreinum og fagmenn og nemar keppa í ýmsum greinum. Nánari upplýsingar á www.fullborgmatar.is.



Óskað eftir tilnefningum til Fjöreggs MNÍ 2011

Þekkir þú til fyrirtækis, stofnunar eða einstaklings sem sýnt hefur frumkvæði og skarað fram úr á matvæla- og/eða næringarsviði? sjá nánar á bls. 3

bls. 2



„Íslensk peningahagfræði í algerum sérflokk“

bls. 4



Matarhátíð á Akureyri

bls. 5



Skerpt á stefnu og áherslum SI

bls. 7



Stefnumót á heilbrigðis-sviði

bls. 8



Ljúkum aðildarviðræðum og greiðum atkvæði

„Íslensk peningahagfræði í algerum sérflokkki“



Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

Krónan var sett á flot í mars 2001 og verðbólguþéttunni tekið upp undir faglegri forystu núverandi stjórnenda Seðlabankans. Á þeim tíma þótti verðbólguþéttunni skynsamleg stefna og í takt við nýjustu stefnu og strauða í peningahagfræði. Krónan var á floti í 92 mánuði en hrundi endanlega með bankakerfinu í október 2008. Af þessum 92 mánuðum var verðbólgan aðeins á eða undir verðbólguþéttunni í 17 mánuði eða 18% tímans. Afleiðingar misheppnaðrar baráttu við verðbólgu á flótárunum var víthringur gífurlegs ójafnvægis í hagkerfinu, vaxtarmunavíðskipta frá útlöndum sem þrýsti upp genginu og leiddi til ótæpilegrar erlendrur skuldaföfnunar sem engan veginn gat staðist. Til að bæta gráu ofan á svart endaði flóttímabil krónunnar og þáverandi peningastefna í afar kostnaðarsömu tæknilegu gjaldþroti Seðlabankans. Árangursleysi bankans var þannig algjört. Virða má Seðlabankanum það til vorkunnar að býsna erfitt er að stýra stjórnlausum gjaldmiðli og að fjármál ríkis og sveitarfélaga, sem og Íbúðalánasjóður og bankakerfið, gengu á þessum tíma í þveröfuga átt við stefnu Seðlabankans um aukið aðhald.

Ísland situr á botni einnar dýpstu efnahagskreppu sem gengið hefur yfir. Atvinnuleysi er í hámarki, krónan í skjóli umdeilda en geysilega stífra gjaldþrotahæfta og fyrirtæki og heimili skuldsett. Seðlabankinn spáir því að hagvöxtur á næsta ári verði aðeins 1,6% og að atvinnuleysi verði 6,2%. Lítil aukning verði í fjárfestingu og óverulegur vöxtur í útflutningi þótt raungengi sé í sögulegu lágmarki. Þökkalegur hagvöxtur þessa árs, knúinn áfram af vaxandi einkaneyslu, byggist á einskíptisaðgerðum sem bæta fjárhag heimilanna til skamms tíma. Á flesta hagfræðilega mælikvarða kallar þetta ástand á lægri vexti til að reyna að örva hagkerfið, koma fjárfestingu og neyslu af stað. Þröng sýn á verðbólgu hefur áður komið okkur í koll. Seðlabankinn getur stýrt genginu að mestu leyti í skjóli hafta. Veiking krón-

Stýrivextir og verðbólga í nokkrum löndum

	Stýrivextir	Verðbólga
Danmörk	1,55%	3,0%
Evru-Svæði	1,50%	2,6%
Ísland	4,50%	5,0%
Japan	0,10%	0,2%
Kanada	1,00%	3,1%
Noregur	2,25%	1,6%
Nýja-Sjáland	2,50%	5,30%
Sviss	0,25%	0,5%
Svíþjóð	2,00%	3,3%
Tyrkland	5,75%	6,3%
UK	0,50%	4,4%
Ungverjaland	6,00%	4,1%
USA	0,25%	3,6%

Heimild: Viðeigandi seðlabankar og hagstofur

unnar og þar með vaxandi verðbólga, gerist varla án vitundar og vilja Seðlabankans. Nú er bankinn að bregðast við verðbólgunni með vaxtahækkun sem vinnur gegn vexti efnahagslífsins. Þetta er sér íslensk peningahagfræði sem aðeins er stunduð við Kalkofnsveg.

Seðlabanki bandaríkjanna tilkynnti að vextir yrðu áfram mjög lágir eða fram á mitt ár 2013 hið minnsta. Ástæðan er fyrst og fremst veikleikar í raunhagkerfinu. Svipaða sögu er að segja frá Bretlandi þar sem vextir eru mjög lágir þrátt fyrir að verðbólga sé tæp 5%. Í hinum vestræna heimi virðist áhersla hagstjórnaryfirvalda vera á að nota vaxtahækkun til að örva hagkerfið. Ofuráhersla á verðbólgu virðist vera á undanhaldi nema hér á landi þar sem Seðlabankinn tilkynnti um fyrstu vaxtahækkun síðan eftir efnahagshrun og ber fyrir sig versnandi verðbólguhorfum. Vaxtahækkunir í löndunum í kringum okkur virðast eiga sér aðrar ástæður en hér. Eðlilegt er að rýna í ástæður þess.

Eru Seðlabankinn og núverandi stjórnendur hans hluti af þeim vanda sem þeir eru sjálfir að reyna leysa? Eru háar verð-

Í samanburði við mörg lönd sker Ísland sig úr hvað varðar peningastjórnun, sérstaklega þegar horft er til þess að efnahagsamdráttur hér er meiri en víðast hvar. Sérstaka athygli vekur Bretland en þar eru aðstæður um margt líkar og hér á landi með þeirri undantekningu að vextir á Íslandi eru mun hærrí. Penningastefnan á Íslandi hefur oft tekið mið af aðstæðum á Nýja-Sjálandi. Þar er verðbólga, líkt og hér, há eða í kringum 5%. Þar eru stýrivextir hins vegar aðeins 2,5%. Penningastefnan á Íslandi virðist þannig vera á annarri braut en víðast hvar.

bólguvæntingar tengdar vantrú á Seðlabankann og stefnu hans? Er skelfilegur árangur sjálfstæðrar peningastefnu á Íslandi að flækjast fyrir og hefur þau áhrif að breyting fæli í sér viðurkenningu á fyrri mistökum? Hverjar svo sem ástæðurnar eru er ljóst að nýleg vaxtahækkun Seðlabankans var þvert á væntingar og úr takti við það sem önnur lönd eru að gera.

Enga dul þarf að draga á skaðsemi verðbólgunnar og mikilvægi þess að ráðast gegn rótum hennar. En það er lítið gagn í meðulum og meðferðarúræðum sem draga sjúklinginn til dauða. Íslenska hagkerfið stendur veikum fótum. Það meðferðarúræði sem Seðlabankinn byrjaði að beita með vaxtahækkunum í miðri kreppunni mun síður en svo bæta stöðu hagkerfisins og getur þvert á móti gengið af mörgum dauðum.



Óskað eftir tilnefningum til Fjöreggs MNÍ 2011

Þekkir þú til fyrirtækis, stofnunar eða einstaklings sem sýnt hefur frumkvæði og skarað fram úr á matvæla- og/eða næringarsviði?

Matvæladagur Matvæla- og næringafræðafélags Ísland (MNÍ) verður haldinn þriðjudaginn 18. október. Á matvæladeginum verða veitt árleg verðlaun, „FJÖREGG MNÍ,“ fyrir lofsvert framtak á matvæla og/eða næringarsviði. Fjöreggið, sem er íslenskt glerlistaverk, hefur frá upphafi verið veitt með stuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Félagsmenn og aðrir eru hvattir til að benda á vörur eða gott framtak einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja sem sýnt hafa frumkvæði og skarað fram úr á matvæla- og/eða næringarsviði og eru þess verðug að keppa til verðlaunanna. Mikilvægt er að setja fram rökstuðning með ábendingunni. Efni Matvæladagsins í ár er: Heilsutengd matvæli og markfæði – Íslensk vörubrúun, framleiðsla, rannsóknir og markaðssetning.

Tilnefningar á að senda á netfangið mni@mni.is fyrir 16. september.

Nýju miðlægu gæðakerfi vel tekið

Nú þegar liðinn er rúmur mánuður frá því að miðlægt samræmt gæðakerfi fyrir félagsmenn SI var sett á vefinn má segja að móttökur hafi verið góðar. All nokkur fyrirtæki hafa keypt áskrift að kerfinu og komið sér upp eigin gæðahandbók og verkhöppum. Þátttakendum munar mest um hversu auðvelt er fyrir fyrirtækin að nýta sér tækni- og efnislega aðstoð hjá verkefnastjóra SI með þessu nýja fyrirkomulagi. Gæðakerfið inniheldur auk þess greinar, leiðbeiningar og hljóðglærur er varðar tölvunotkun og aðferðafræði gæða-stjórnunar.

Gæðastjórnun verður ekki innleidd á einum degi en reynslan hefur sýnt að tekist hefur vel við innleiðingu kerfisins og ástæða til að hvetja fleiri til að nýta sér þessa þjónustu SI.



Á myndinni sem er tekin á aðalfundi alþjóðlegra samtaka sápuframleiðenda sem haldinn var á Hótel Sögu árið 1990 er Gunnar J. Friðriksson ásamt eiginkonu sinni Elinu Kaaber. Aðalfundinn sóttu 220 manns frá ýmsum löndum. Gunnar sem þá var forstjóri Sápugerðarinnar Frigg og formaður starfsgreinarinnar hafði veg og vanda að skipulagningunni.

Gunnar J. Friðriksson iðnrekandi látinn

Gunnar var mikill og einlægur forystumaður í íslenskum iðnaði og atvinnulífinu Gum áratuga skeið. Honum voru falin fjölmörg trúnaðarstörf á þeim vettvangi vegna margháttaðra hæfileika og vilja til að láta gott af sér leiða.

Gunnar átti sæti í stjórn Félags íslenskra iðnrekenda í aldarfjórðung, þar af formaður í 11 ár. Félag íslenskra iðnrekenda var undanfari Samtaka iðnaðarins sem voru stofnuð fyrir 18 árum við sameiningu 6 samtaka í íslenskum iðnaði. Formennsku gegndi Gunnar á árunum 1963 til 1974, á afar mikilvægum, viðkvæmum og erfiðum tímum í atvinnulífi okkar. Ísland gekk þá í EFTA, mikil kreppa dundi yfir og afdrifaríkar svifingar urðu á sviði stjórn mála í landinu. Við slíkar aðstæður mæddi mikið á forystumönnum eins og Gunnari J. Friðrikssyni. Þá reyndist hann, eins og ávallt á löngum ferli sínum, yfirvegaður, farsæll og framsýnn.

Meðal annarra ábyrgðarstarfa sem Gunnar gegndi fyrir atvinnulífið má nefna setu í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands um árabíl, þar af formaður árin 1985 til 1989, hann var formaður bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands hf., sat í stjórn Iðnlánasjóðs og í stjórnnum lífeyrissjóða og samtaka þeirra um áratugaskeið. Gunnar J. Friðriksson var forstjóri Sápugerðarinnar Frigg hf. frá 1946 til 1987, auk aðkomu að ýmsum öðrum atvinnufyrirtækjum. Hann var afar virkur í sjálfu atvinnulífinu og forystu þess.

Við fráfall Gunnars þakkar íslenskur iðnaður honum mikið og farsælt starf sem aldrei verður metið til fulls. Samferðarmenn treystu Gunnari vegna heiðarleika og mannkosta og í samningum þótti hann sanngjarn og velviljaður. Hann var maður sem lét gott af sér leiða í margháttaðum störfum sínum.

Samtök iðnaðarins flytja ástvinum hans innilegar samúðarkveðjur. Blessuð sé minning Gunnars J. Friðrikssonar.

Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins



Íslenski jarðvarmaklasinn stofnaður

Stofnfundur um klasasamstarf innan hins íslenska jarðvarmaklasa var haldinn í Arion banka í janúar en undirbúningur að stofnun hans hefur staðið yfir síðustu 18 mánuði. Verkefnið hófst í október 2009 þegar hinn heimspektti Harvard prófessor Dr. Michael Porter og nánasti aðstoðarmaður hans Dr. Christian Ketels ákváðu að taka þátt í verkefninu. Ráðgjafafyrirtækið Gekon hefur haft með höndum verkefnisstjórnina.

Þátttakendur í verkefninu eru yfir 60 talsins, en aðkoma þeirra fólst í framlögum í formi fjármagns, vöru og þjónustu auk upplýsingagjafar.

Síðastliðið haust var haldin 900 manna ráðstefna í Reykjavík, Iceland Geothermal 2010. Þar kynntu Dr. Porter og Dr. Ketels niðurstöður kortlagningar jarðvarmaklasans.

Með ráðstefnunni lauk fyrsta fasanum í framþróun samstarfs hins íslenska jarðvarmaklasa, þ.e. greiningarfasanum. Að henni lokinni hófst fasi tvö, samstarfsmótun jarðvarmaklasans. Mikil áhersla var lögð á að framvindan yrði á forsendum atvinnulífsins og í mars var 35 stærstu hagsmunaaðilum jarðvarmaklasans boðið til fundar. Samþykkt var að skipa sjö manna fagráð sem stýrt hefur verkefninu ásamt Gekon. Fagráðið vann úr þeim gögnum sem fram komu á vinnustofu sem meira en 100 þungavigtaraðilar innan klasans tóku þátt í þann 4. maí. Með aðstoð Gekon útfærði það síðan tillögur um stofnun og verkefni formlegs samstarfsvettvangs innan íslenska jarðvarmaklasans.

Fasi þrjú í þessu ferli felst í því að vinna að hinum skilgreindu verkefnum klasasamstarfsins allt fram í desember 2012. Klasaaðilar munu í lok árs 2012 líta yfir farinn veg og meta hvort halda skuli samstarfinu áfram og þá í hvaða

formi. Að sögn Hákonar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Gekon þá gegna Samtök iðnaðarins mikilvægu hlutverki í framþróun og vinnu klasans. Þar skiptir máli sá stuðningur sem Orri Hauksson og Davíð Lúðvíksson hafa sýnt klasasamstarfinu en Davíð situr í fagráði klasans.

Það er vel við hæfi að SI komi jafn sterkt og raun ber vitni að þessari vinnu á Ári nýsköpunar. Þessi vinna fellur einnig afar vel að þeirri klasanálgun sem Samtökin hafa unnið eftir í tengslum við orku, heilsugæslu og menntun.

Seðlabankinn semur við DataMarket

Seðlabankinn hefur gert samning við DataMarket um kaup á lausn við að setja fram töluleg gögn á aðgengilegu og notendavænu formi. DataMarket sérhæfir sig í aðgengilegri, myndrænni framsetningu tölulegra gagna. Seðlabankinn kaupir aðgengi að kerfi DataMarket og öllum þeim notendamöguleikum sem kerfið býður upp á og verða gögnin birt á vefsíðu Seðlabankans. Þessi samningur veitir notendum gagna betri yfirsýn og bætir framsetningu gagna frá Seðlabankanum. Reiknað er með að kerfið verði orðið virkt í lok september.



Matarhátíð á Akureyri

MATUR-INN 2011 verður haldin á Akureyri í íþróttahöllinni 1. og 2. október.

Sýningunni er ætlað að endurspeglar norðlenska matarmenningu í víðum skilningi, framleiðslu, úrvinnslu, veitingastarfsemi, tengsl ferðaþjónustu og matarmenningar, verslun o.s.frv. Félagið Matur úr Eyjafirði - Local food stendur fyrir sýningunni í samstarfi við önnur matarmenningarfélög á norðurlandi. Á sýningunni verða hefðbundnir kynningarbásar, markaðstorg fyrir smærri framleiðendur, fræðsluefni, keppnir á vegum matreiðslumanna og aðrir viðburðir.

Samtök iðnaðarins styrkja sýninguna og hvetja félagsmenn sína á norðurlandi til að taka þátt og hvað þeir hafa að bjóða. Nánari upplýsingar um sýninguna MATUR-INN 2011 veitir Jóhann Ólafur Halldórsson, netfang: johann@athygli.is.



Fagfólk í matvæla- greinum ánægð

Matvæla- og veitingasvið

IÐUNNAR lét gera könnun síðastliðið vor, sem hafði að markmiði að meta vinnuumhverfi fagmanna í matvæla- greinum. Fyrirtækið MASKÍNA framkvæmdi könnunina. Valdir voru af handahófi 190 útskrifaðir iðnsveinar úr hverri af fjórum matvælaíðngrein-um: bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Svarhlutfallið í könnuninni var 69,2%. Niðurstöðurnar sýna, svo ekki verður um villst, að mikill meirihluti svarenda er ánægður bæði með nám og starf í sinni grein og telur sig geta mælt með henni við ungt fólk.

Helstu niðurstöður

Fram kom að 60% hópsins hefur mannaforráð, þrír fjórðu er launþegar og um 17% atvinnurekendur eða sjálfstætt starfandi einyrkjar. Hátt í 38% hópsins hefur lokið iðnmeistaraprófi, ríflega 57% starfar við faggrein sína og 80% segja að námið hafi búið þau vel undir starf í faggreininni. Þeir sem hafa horfið til annarra starfa hafa einkum valið sölustörf. Í framhaldi voru þátttakendur, sem starfa ekki við iðngrein sína í dag, spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að hefja störf við hana að nýju. Rúmlega 40% töldu sig hafa áhuga á því. Spurt var um viðhorf til náms og námsvals og töldu 67% hópsins sig myndu mæla með því við ungt fólk að hefja nám í iðngrein sinni. Helstu ástæður fyrir því að mæla ekki með námi í greinum var að vinnutíminn er ekki talin fjölskylduvænn og launin ekki nægjanlega há. Nánari umfjöllun á www.si.is.

Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar í Hótel- og matvæla-skól- anum miðvikudaginn 21. september frá kl. 15.00. Allir eru velkomnir á kynninguna.

Skert á stefnu og áherslum SI



Stjórn SI hefur undanfarið unnið að því að skerpa stefnu og áhersluverkefni í starfsemi SI til nánustu framtíðar.

Áherslur Samtakanna falla á eftirfarandi sex fagsvið:

- Starfsskilyrði/stöðugleiki - lagaumhverfið
- Markaðs- og kynningarmál - ímynd iðnaðar og SI
- Nýsköpun og þróun - hugverkaíðnaður
- Menntamál
- Innri mál og stjórnun SI
- Opinber innkaup - samgöngur, mannvirkjagerð, verktakar

Niðurstöður fyrstu vinnufunda stjórnar liggja nú fyrir þar sem meginlínur í áherslum hafa verið lagðar. Meðal helstu áhersluverkefna má nefna (ekki í forgangsörð):

- *Virkur hlutabréfamarkaður með skattahvötum*
- *Endurreisn og endurskipulagning bankakerfisins*
- *Hagtölugerð og betri tölfræði*
- *ESB, evra og efnahagslegur stöðuleiki - upplýst umræða um ESB*
- *Hvaðan kemur velferðin/virðisaukinn - kynningarátak*
- *Aukin bein erlend fjárfesting - vitundarvakning um mikilvægi aukinnar fjárfestingar í atvinnulífinu*
- *Ísland - framleiðum vörur, þekkingu og þjónustu - efla vitund um mikilvægi verðmætasköpunar*
- *Styrkja jákvæða ímynd SI og iðnaðar*
- *Markviss framsetning og kynning á stefnu SI - sýnileg og jákvæð*
- *Efling Tækniþróunarsjóðs og klasasamstarf*
- *Notkun og virkni klasasamstafs - samstarfsvettvangar milli þarfa og lausna*
- *Auka veg og virðingu iðnnáms*
- *Raugreina- og nýsköpunarnám í grunnskólum - auka framboð nemenda á raugreinabrautum*
- *Auka framboð á tæknimenntunðu fólki*
- *Nýsköpunarskóli ungmenna - efla frumkvöðlanám og atvinnusköpun*
- *Aukin tengsl við félagsmenn - heimsóknir stjórnar og starfsmanna SI - fyrirtækjakynningar*
- *Skipulagsmál samtaka í atvinnulífi*
- *Verkefnastjórnun - rétt forgangsörðun verkefna SI*
- *Markviss fjölgun starfsgreina og félaga innan SI - efla SI og fjölga félagsmönnum*
- *Jafn, fyrirsjáanlegur vöxtur framkvæmda - stöðugra umhverfi mannvirkjagreina*

Framundan er nánari kynning og umræða um útfærslur verkefna í faghópum og starfsgreinahópum. Nokkur af þessum áhersluverkefnum eru nú þegar komin á góðan rekkspöl.

Auk þeirra sem hér hafa verið nefnd eru fjöldi annarra verkefna á verkefnalista Samtakanna og starfsgreinahópa innan SI. Þeim félagsmönnum sem vilja koma á framfæri tillögum, athugasemdum eða fyrirspurnum um stefnumótunavinnu SI eða einstök áhersluverkefni er velkomnið að hafa samband við forstöðumenn starfsgreinahópa, fagsviða, Orra Hauksson framkvæmdastjóra eða Davíð Lúðvíksson forstöðumann stefnumótunar og nýsköpunar.

Menntaklasi á Íslandi = Nýsköpun + Samstarf

Klasa og klasasamstarf ber æftar á góma þegar rætt er um leiðir út úr þeirri kyrrstöðu sem við blasir í efna- hags- og atvinnulífi hérlandis. Hugmyndin um menntaklasa byggist á því að ná árangri með því að stilla saman strengi þeirra fjölmörgu sem leggja af mörkum til fræðslu og menntunar og nýta af- raksturinn. Með klasa í þessu samhengi er átt við hóp ALLRA þeirra hagsmuna- aðila sem skilgreind verkefni klasans snerta á einn eða annan hátt. Ekki er bara horft til þeirra sem sinna fræðslu og kennslu heldur líka hinna sem hafa hags- muni af því hvernig skipulagið er. Undir þann hatt falla bæði þeir sem sinna þjónustu við menntastofnanir og hinir sem hafa hagsmuni af því hvaða þekkingu og færni menntastofnanirnar skila. Klasasamstarfið felst í því að starfa saman með það sameiginlega markmið að efla menntakerfið.

Uppbygging menntaklasa á Íslandi með nýjum áherslum er spennandi tækifæri til að auka gæði menntunar og tryggja framboð þeirrar þekkingar sem atvinnulífið þarfnast og mun renna stoðum undir hagvöxt á Íslandi. Hugmyndin hefur þróast frá fundi sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir í nóvember á síðasta ári í samvinnu við ráðamenn þjóðarinnar. Á fundinum voru fjárlagaútgjöld rýnd frá sjónarhóli nýsköpunar undir yfirskriftinni „Betri þjónusta fyrir minna fé“. Markmiðið er að leiða fram betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir og um leið að skapa tækifæri til að þróa lausnir sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna 5. maí kemur fram að hún mun; „efna til klasasamstarfs og efla samkeppnissjóði á sviði menntamála, heilbrigðis- og velferðarmála, orku- og umhverfismála á grundvelli hugmynda Samtaka iðnaðarins.“ Framkvæmd klasa- verkefnisins nú í samstarfi við ríkið felst í úthlutun 50 millj. kr. gegnum Tækniþróunarsjóð á hverjum af ofangreindum þremur sviðum. Hluta iðnaðarmála- gjaldsins verður þannig varið til þessara mikilvægu þróunarverkefna. Til viðbótar við almenn skilyrði Tækniþróunarsjóðs þurfa umsóknir um þessa styrki að byggjast á samstarfi opinbers aðila og fyrirtækja og stuðla að sparnaði í opinberum rekstri á viðkomandi sviði. Umsóknarfrestur er til 1. nóvember sjá



Katrín D. Þorsteinsdóttir
forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannaúðs

Samstarf hagsmunaaðila um menntaklasa á Íslandi er tækifæri til að hugsa upp á nýtt og nýta betur þá fjármuni sem varið er til menntamála.

Um og yfir 10% af fjárlögum ríkisins eru eyrnamerkt ráðuneyti menntamála og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir leggja einnig til mikið fé.

Það er spennandi og knýjandi viðfangsefni að hagsmunaáðilar þ.e. fyrirtæki sem stunda viðskipti í viðkomandi grein, birgjar, fjárfestarog stoðumhverfi í samstarfi við þá sem fara með almannavald, taki höndum saman og sameinist um markmið og leiðir til að finna betri lausnir fyrir minna fé.

nánar á www.rannis.is/sjodir/tækniþróunarsjodur/

Markmiðið er að þessi samvinna stuðli að þróun á „betri lausnum fyrir minna fé“. Undan breytingum verður ekki vikist þó ekki væri nema vegna þess að fjárhagur fyrirtækja og ríkis leyfir ekki að halda áfram á óbreyttri braut. Örvandi menntakerfi sem beinir sjónum að þörfum atvinnulífs og möguleikum til þróunar og verðmætasköpunar er líka eitt grunnskilyrðanna til að efla hagvöxt. Því betur og því fyrr sem fyrirtæki og menntastofnanir takast á við verkefnið sem menntaklasinn kallar á þeim mun meiri eru líkurnar á að við náum okkur upp úr lægðinni með langtímahagsmuni íslensks athafnalífs í forgrunni. Það þarf að hugsa upp á nýtt, skilgreina helstu þarfir í menntun og leita lausna sem krefjast nýrrar hugsunar og nýrra leiða. Tíminn líður hratt og vinnur ekki með okkur að óbreyttu.



NEYTENDASTOFA

Fræðslufundur um forpökkun á vörum

Á vegum Neytendastofu fer fram fræðslufundur um forpökkun og magntilgreiningu á vörum þann 15. september í Reykjavík. Tveir erlendir fyrirlesarar kynna evrópskar reglur sem gilda um meðaltalsvigtun vöru í forpakkaðar umbúðir og notkun e-merkisins sem tryggir gagnkvæma viðurkenningu á magninnihaldi vöru í viðskiptum innan EES svæðisins. Á fundinum verður einnig gerð grein fyrir ákvæðum í gildandi íslenskum reglugerðum sem eru undir eftirliti annars vegar Neytendastofu og hins vegar Matvælastofnunar.

Fundurinn er ætlaður aðilum í atvinnulífi s.s. iðnfyrirtækjum, verslunum, fulltrúum stjórnvalda og annarra sem vilja kynna sér gildandi reglur um magntilgreiningu á vörum. Erindi verða bæði á íslensku og ensku. Gert er ráð fyrir fyrirspurnum og umræðum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Neytendastofu, www.neytendastofa.is



Reglugerð nr. 1045/2010 um hámark transfitúsýra í matvælum tók gildi 1. ágúst.

Reglugerðin gildir um fitu og önnur matvæli sem innihalda fitu, annað hvort sem innihaldsefni eða sem hefur myndast við framleiðslu þeirra, t.d. í djúpsteiktum matvælum. Hún nær ekki til transfitúsýra sem eru í dýrafitu frá náttúrunnar hendi, t.d. í smjöri eða mjólkurvörum.



Samkvæmt reglugerðinni má innihald transfitúsýra ekki fara yfir 2 grömm af hverjum 100 grömmum af heildarfittumagn. Nánari upplýsingar á vef Matvælastofnunar, www.mast.is.



Stefnumót á heilbrigðissviði

Stefnumót fyrirtækja og stofnana á heilbrigðissviði var haldið í húsa- kynnum Háskólans í Reykjavík 24. júní.

Tilgangurinn með stefnumótinu var að efna til og skilgreina samstarfsverkefni ólíkra aðila um betri lausnir fyrir minna fé í íslensku heilbrigðiskerfi. Verkefni sem fela í sér tækifæri til verðmæta- sköpunar og útflutnings fyrirtækja í greininni.

Tekið var mið af þörfum helstu læk- ningarsviða sem kalla á lausnir sem fyrir- tæki geta tekið þátt í að þróa í samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Fulltrúar heil- brigðisstofnana og lækna sviða kynntu þannig þarfir sínar og hugmyndir að samstarfi. Þá var fjöldi fyrirtækja með örkyrningar á þróunarverkefnum og lausnum sem þau hafa unnið að. Að kynningum loknum var efnt til vinnustofa þar sem áhugasamir samstarfsaðilar gátu rætt saman, kannað samstarfs- grundvöll nánar og ákveðið framhald ef áhugi væri fyrir hendi.

Meðal þess sem kynnt var má nefna þörfina fyrir aukna samhæfingu upp- lýsingakerfa, lækningatækja og ferla á

hinum ýmsu lækningasviðum. Þá var líka bent á augljós tækifæri sem tengjast nýju háskólasjúkrahúsi. Þarfir í tengslum við öldrunarþjónustu og eldri borgara og hreyfing, öndun og líkamsstaða varðandi röntgenmyndatökur. Einnig var rætt um þörf í tengslum við svefn- og öndunar- truflanir og vanda varðandi mælingar og eftirlit með hjartasjúklingum.

Meðal lausna sem kynntar voru má nefna tölvu- og upplýsingakerfi til úr- vinnslu tímaráða sem tengjast lækninga- ferlum, öryggisstjórnun og aðstöðu- stjórnun. Verkefni rædd í tengslum við náttúrulyf og meðferðir og klínískar rannsóknir í því sambandi. Þá komu fram ýmsar verkefnishugmyndir á sviði, krabbameinslækninga, hjartalækninga, blóðrannsóknna og svefnlækninga.

Fyrirtæki og stofnanir munu á næstu vikum kanna frekar samstarfsgrundvöll sín á milli sem getur falið í sér prófanir á tilbúnum lausnum, þróun á nýjum notk- unarsviðum, samstarfi við erlend fyrir- tæki, stofnanir og umsóknir í Tækniþró- unarsjóð og fleiri fjármögnunarleiðir. Í gangi er samstarfsverkefni á vegum

norðrænu ráðherranefndarinnar sem hefur það markmið að auðvelda samstarf fyrir- tækja og stofnana á heilbrigðissviði. Ætlunin er m.a. að koma upp samstarfs- vettvangi með þátttöku allra Norðurland- anna sem auðveldar fyrirtækjum að koma sínum lausnum á framfæri, þar sem að stofnanir geta kallað eftir laus- um og þar sem veitt verður aðstoð við að koma á samstarfi.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
08. tbl. 17. árg. Ágúst 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 22.08.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán,
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Raket Pálsdóttir
Prófarkalestur: Raket Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Hvað er að fréttu?



Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið raket@si.is

Styttist í stóra daginn

Brúðkaup á Ljósanótt

Prýði
Verki höndum meistara



Brúðkaupsverkefni Prýði, hópur þjónustuiðngreina innan SI, hefur verið í fullum gangi í sumar. Tilvonandi brúðhjón, Magnús Sverrir Þorsteinsson og Guðrún Sædal Björgvinsdóttir, standa í ströngu við undirbúninginn og hafa notið aðstoðar fagmanna innan Prýði. Þau hafa rætt við ljósmyndarann Írisi Pétursdóttir um fyrirkomulag myndatöku, farið í margvíslegar snyrtimeðferðir á snyrtistofunni Coco og ákveðið brúðargreiðslu í samráði við hárgreiðslumeistara á stofunni Hár og Rósir. Guðrún klæðist kjól sem klæðskerinn Birna Huld saumar og Magnús verður í sérsniðnum jakkafötum frá Berglinni í Klæðskerahöllinni.

Parinu unga er því ekkert að vanbúnaði, þau eru full eftirvæntingar enda styttist óðfluga í að stóri dagurinn renni upp. Brúðkaupið fer fram á Ljósanótt 2. september og verður gestum hátíðarinnar boðið að fylgjast með hluta af undirbúningi s.s. förðun, hárgreiðslu og ljósmyndun á veitingastaðnum í Duus húsi og hefst undirbúningurinn þar kl. 11.00. Að lokinni athöfninni í Njarðvíkurkirkju kl. 17.00 keyra þau í gegnum bæinn að Duus húsum þar sem ljósmyndarinn tekur myndir af nýgiftu hjónunum.

Þátturinn Ísland í dag á Stöð 2 hefur fylgt parinu eftir við undirbúninginn en sjá má þættina inni á visir.is.

Prýði – í höndum meistara er nafn á hópi þjónustuiðngreina innan Samtaka iðnaðarins. Um er að ræða samstarfsvettvang fimm fagfélaga. Hlutverk Prýði er annars vegar að stýra sameiginlegu markaðsstarfi út á við og hins vegar öflugu fagstarfi og stefnumótun í menntamálum.

Tilgangur Prýðis með verkefninu er fyrst og fremst að kynna þá fagmennsku sem félagsmenn búa yfir og undirstrika mikilvægi þess að versla við fagmann í viðkomandi fagi. Fagfélögin sem standa að baki Prýði eru: Meistarafélag í hárgreiðslu, Ljósmyndarafélag Íslands, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið.



Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að umsóknarferlinu sé haldið áfram af fullum heilindum og í náinni samvinnu við atvinnulíf og aðra hagsmunaaðila.

Iðnþing er æðsta vald Samtaka iðnaðarins og hefur undanfarin ár ályktað um Evrópumál. Síðast var lögð áhersla á að ljúka viðræðum og leggja áherslu á víðtæka hagsmuni heildarinnar. Hagfelldur aðildarsamningur kann að vera fyrirtækjum og heimilum til mikilla hagsbóta. Samtök iðnaðarins telja engar líkur til að samningur, þar sem veigamiklum hagsmunum verður fórnað, verði samþykktur í þjóðar- atkvæðagreiðslu. Af þessum sökum er mikilvægt að ljúka ferlinu með það að markmiði að tryggja hagsmuni þjóðarinnar með sem hagstæðustum samningum til langs tíma.

kostnaðaráætlun

frumkvæði

árangursmat

markaðssetning

nýnæmismat

framkvæmdaáætlun

verkefnislýsing



Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Iðnaðarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar*.

Átak til atvinnusköpunar veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Í umsókn þarf að koma fram

- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu eða markaðsstarfs

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið johanna@nmi.is.

Umsóknarfrestur er til og með **22. september 2011**. Umsækjendur eru hvattir til að biða ekki til síðasta dags með að sækja um til að forðast tafir vegna álags á umsóknarkerfi.

